

## Drög - UMSÖGN

### Efni:

### ***Umsögn skrifstofustjóra skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um drög að mannréttindastefnu***

### Texti:

Með bréfi frá skrifstofu borgarstjórnar þann 25. janúar sl. var skrifstofu borgarstjóra og borgarritara falið að gera umsögn um drög að mannréttindastefnu dags. 19. janúar 2016. Umsögn skrifstofunnar er eftirfarandi:

Drög að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar dags. 19. janúar 2016 eru efnismikil, metnaðarfull og ná yfir meginþætti í mannréttindum sem og stjórnkerfi og starfssemi Reykjavíkurborgar. Ekki eru gerðar efnislegar athugasemdir við stefnuna en rétt þykir að benda á þær áskoranir sem gætu falist í innleiðingu og eftirfylgni hennar.

Í 14. kafla er fjallað um ábyrgð og verklag og kemur þar fram í grein 14.1 að stjórnendur og starfsmenn borgarinnar beri ábyrgð á að tryggja að mannréttindi allra séu virt innan stjórnkerfis borgarinnar, á vinnustöðum hennar og í þjónustu, enda sé þeim gert það kleift með fjármagni og fræðslu á sviði mannréttindamála. Stjórnendum ber að kynna stefnuna og vinna samkvæmt henni auk þess sem sérstakur mannréttindafulltrúi skal tilnefndur á öllum fagsviðum. Skilgreina þarf hlutverk mannréttindaskrifstofu annars vega og fagsviða hins vegar við innleiðingu stefnunnar svo að innleiðing verði farsæl.

Jafnframt kemur fram í grein 14.5 að mannréttindaráði beri að a) sjá til þess að stefnunni sé fylgt eftir, b) vinna aðgerðaráætlun í jafnréttismálum í samvinnu við svið og skrifstofur borgarinnar og hagsmunahópa, samhliða starfs- og fjárhagsáætlunum, c) kynna stefnuna og stuðla að þekkingaröflun og miðlun upplýsinga.

Þá kemur m.a. fram í grein 14.6 að mannréttindaskrifstofu beri að:

a) vinna, ásamt mannréttindaráði, starfs- og fjárhagsáætlun mannréttindamála.

Fjölmargar áherslur og skyldur Reykjavíkurborgar eru taldar upp í drögum að mannréttindastefnu, mikilvægt er að þær verði kostnaðarmetnar og bundnar í aðgerðir. Vakin er athygli á því að við innleiðingu stefnumörkunar er mikilvægt að tímasetja aðgerðir og skilgreina mælikvarða. Í því skyni að tryggja skilvirka eftirfylgni og nauðsynlega endurskoðun. Útfærðar aðgerðir, mælingar, endurskoðun og eftirfylgni eru grundvöllur þess að mannréttindaráði og mannréttindaskrifstofu sé fært að uppfylla þá skyldu sína að fylgja stefnunni eftir.